



Stúdentaráð Háskóla Íslands

*Stúdentaráðsfundur*

*25. mars 2025*

**- T I L L A G A -**  
**Um bætt aðgengi í Eirbergi**

Stúdentaráð Háskóla Íslands skal beita sér fyrir því að aðgengi innan Eirbergs verði stórbætt, þar sem það er sérstaklega ábótavant þar, einkum þegar kemur að stigum frá anddyri byggingarinnar. Fara þarf ýtarlega yfir aðgengismál í byggingunni allri og sjá til þess að hún sé aðgengileg öllum.

**- R Ö K S T U Þ N I N G U R -**

Eins og er þá er staðan í Eirbergi þannig að fólk sem ekki kemst auðveldlega upp og niður stiga, til dæmis fólk sem notar hjólastól eða eru með barnavagn, geta ekki komist leiðar sinnar innan Eirbergs vegna skerts aðgengis. Mikið er um tröppur og stiga og eins og gefur að skilja er ekki hægt að komast leiðar sinnar auðveldlega. Ef við tökum dæmi þá er hjólastóla lyfta fyrir utan bygginguna en eina leiðin inn í stofur eru stigar. Einnig ef einstaklingur ætlar niður í kjallara þá er lyfta en svo kemur rampur og við endann á honum er þröskuldur sem hindrar aðgengi.

Eiríkur Kúld Viktorsson, sviðsráðsforseti Heilbrigðisvísindasviðs og stúdentaráðsliði fyrir Vöku  
Hjördís Helga Ægisdóttir, hjúkrunarfræðinemi